

Til: Sveitarstjórnar Dalabyggðar
Frá: Stjórn Bakkahvamms hses.

Búðardal
26.04.2022

Efni: Viðbótafjármagn til Bakkahvamms hses. fyrir byggingu íbúða 2022.


Bakkahvammur hses. hefur unnið að því að koma þremur íbúðum í byggingu 2022. Haldinn var kynningarfundur þar sem áhugasönum aðilum var boðið að kynna sér forsendur verkefnisins og í framhaldi auglýst eftir aðilum sem væru til í að taka að sér byggingu íbúðanna. Þrír aðilar lýstu yfir áhuga en eftir viðræður var ljóst að ekki væri hægt að ganga til samninga samkvæmt forsendum umsóknar Bakkahvamms hses. til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS).

Ljóst er að byggingarkostnaður hefur hækkað frá því að sótt var um stofnframlag til HMS haustið 2021 en stofnunin er bundin af því fjármagni sem samþykkt var til verkefnisins. Stjórn Bakkahvamms hses. samþykkti því tillögu um að taka jarðvinnu á lóð út fyrir verkefnið og hafa að nýju samband við þá aðila sem lýst höfðu yfir áhuga með von um að samninga náist með auknu fjármagni sem fer í hreinan byggingarkostnað.

Að mati stjórnar Bakkahvamms hses. er þörf á fleiri íbúðum í sveitarfélaginu. Þær íbúðir sem Bakkahvammur hses. á í dag hafa verið í stöðugri útleigu frá afhendingu þeirra og er ein fjölskylda á biðlista eftir íbúð hjá stofnuninni.

Vegna þessara breytinga óskar Bakkahvammur hses. eftir því að Dalabyggð leggi stofnunni til 1.500.000 kr.- í viðbótarstofnframlag vegna byggingar þriggja íbúða 2022.

Virðingarfyllst,



F.h. Bakkahvamms hses.
Einar Jón Geirsson, formaður